



Langanesbyggð

## 91. sveitarstjórnarfundur Langanesbyggðar haldinn miðvikudaginn 6. nóvember 2013, kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn.

**Mætt eru:** Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Gunnólfur Lárusson, Indriði Þóroddsson, Ævar Rafn Marinósson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Svo var ekki.

### DAGSKRÁ:

1. Fundargerð Sveitarstjórnar nr. 90.  
Lögð fram til kynningar.  
Nanna Steina Höskuldsdóttir mætti á fundinn.
2. Fundargerð Hafnarnefndar dagsett 30.10.2013.  
Lögð fram til kynningar.  
**Liður 5:** Tekin fyrir hækkun á gjaldskrá Langaneshafna. Ný gjaldskrá samþykkt samhljóða af hafnarnefndinni.  
Sveitarstjórn samþykkti samhljóða nýja gjaldskrá fyrir Langaneshafnir.  
**Liður 4:** Sveitarstjóri kynnti að hafnarstjórn telur ekki tímabært að fara í bláfánaverkefnið.  
Sveitarstjórn óskar eftir upplýsingum um það hver kostnaðurinn við að setja upp bláfánaverkefnið gæti orðið fyrir hvora höfn fyrir sig.  
Ævar Rafn Marinósson mætti á fundinn.  
Sveitarstjóri kynnti síðan stöðuna á hafnarframkvæmdum og fór yfir þau aukaverk sem Björgun hefur tekið að sér.
3. Fundargerð Stjórnar Vers dagsett 22.10.2013  
Lögð fram til kynningar.
4. Fundargerðir stjórnarfunda í Eyþingi nr 245, 246 og 247  
Lagðar fram til kynningar.
5. Fundargerð frá stjórn Hafnarsambands Íslands 18.10.2013  
Lögð fram til kynningar.
6. Í þínum sporum „Dagur eineltis 8 nóvember“ bréf frá Eygló Harðardóttur og Illuga Gunnarssyni dagsett 16.10.2013  
Lagt fram til kynningar.
7. Bréf frá Stigamótum ósk um fjárstuðning dagsett 20.10.2013.  
Sveitarstjórn telur málefnið gott en sér ekki fært á því að styðja við málefnið að þessu sinni. Samþykkt samhljóða.
8. Finnafjörður staða verkefnis  
Siggeir kynnti stöðuna á verkefninu. Fulltrúar frá Bremenports hafa verið hér á landi og kynnt verkefnið á íbúafundum á Þórshöfn og Vopnafirði. Einnig tóku þeir þátt í



## Langanesbyggð

norðurslóðarráðstefnum. Í tenglum við þessar ráðstefnur var fundað með ýmsum aðilum tengda verkefninu.

### 9. Fjárhagsáætlun 2014 fyrri umræða

Drög að fjárhagsáætlun 2014 kynnt. Sveitarstjórnarmönnum afhent mappa með gögnum. Farið yfir deildirnar lið fyrir lið.

Oddviti þakkar fyrir góð gögn og greinargóðar upplýsingar.

Áætlunin samþykkt samhljóða og vísað til annarrar umræðu.

### 10. Skýrsla sveitarstjóra

- Lagt fyrir tækifærisleyfi vegna jólamarkaðsins á Þórshöfn 9. nóvember 2013. Samþykkt með 5 atkvæðum. 1 var á móti.
- Erindi frá Eyþingi vegna skipunar varamanns í fulltrúaráð Eyþings. Lagt til að Ólafur Steinarsson verði varamaður í fulltrúaráði Eyþings. Samþykkt samhljóða.
- Rekstur íbúða aldraðra rædd. Sveitarstjóra og Stjórn Nausts falið að vinna áfram að þeim hugmyndum sem fram komu. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:00